

Umhverfissráðuneytið
Hugi Ólafsson
skrifstofustjóri
Skuggasund 1
150 REYKJAVÍK

Garðabær, 04. maí 2012
2012050001/42-0
TB
jgo/tb

**Rannsóknaleyfi vegna áætlana Landsvirkjunar um virkjun í Stóru Laxa,
Hrunamannahreppi, umsögn**

Vísað er til bréfs frá umhverfissráðuneytinu, dags. 2. maí sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um umsókn Landsvirkjunar um rannsóknaleyfi í Stóru Laxa vegna áætlana um virkjun. Óskað hefur verið eftir umsögn stofnunarinnar eins fljótt og hægt er.


Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir innsend gögn. Í gögnunum kemur fram að virkjun Stóru Laxa var ekki metin í 2. áfanga rammaáætlunar en gert er ráð fyrir skv. lögum nr. 48/2011 að lögð sé fram rammaáætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða á fjögurra ára fresti og þá væntanlega tekin afstaða til flokkun virkjunarinnar í næstu rammaáætlun. Eins og kemur fram stefnir Landsvirkjun að því að virkja Stóru Laxa til raforkuframleiðslu skili rannsóknir tilætluðum árangri. Verndargildi Stóru Laxa hefur ekki verið metið en áin er m.a. þekkt sem búsvæði laxs og laxveiðiá og þekkt fyrir falleg gljúfur. Fram hefur komið í fjölmiðlum að skiptar skoðanir eru um hugmyndir Landsvirkjunar.

Náttúrufræðistofnun er á þessum tímapunkti ekki tilbúin til að taka neina afstöðu til verndargildis Stóru Laxa þar sem það krefst sérstakrar úttektar. Með tilliti til þess sem fram hefur komið, m.a. um stöðu framangreinds virkjunarkost gagnvart Rammaáætlun og verndargildi, telur Náttúrufræðistofnun að óhætt sé að heimila rannsóknir í Stóru Laxa en að þær verði að einskorða við rannsóknir sem ekki valda neinum spjöllum á náttúru svæðisins t.d. verði ekki heimiluð slóðagerð eða annað sem getur valdið raski.

Virðingarfyllt



Jón Gunnar Ottósson
forstjóri



Trausti Baldursson

